

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

20. mars 2007

AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS Í TAKT VIÐ VÆNTINGAR

Hf. Eimskipafélag Íslands - Yfirlit fyrsta ársfjórðungs 2007

- Heildartekjur 399 milljónir evra
- Heildarkostnaður 388 milljónir evra
- EBITDA 32 milljónir evra - EBIT 11 milljónir evra
- Tap fyrir skatta 7 milljónir evra
- Tap eftir skatta 6 milljónir evra
- Heildareignir í lok tímabilsins 1.873 milljónir evra
- Veltufé frá rekstri 3 milljónir evra
- Eigið fé 31. janúar 539 milljónir evra - eiginfjárlutfall 29%
- Veltufjárlutfall 0,95
- Uppgjörsmýnt er evra frá 1. nóvember 2006

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður:

“Á fyrstu þremur mánuðum fjárhagsársins 2007 var heildarafkoma Hf. Eimskipafélags Íslands í takt við áætlanir félagsins. EBITDA félagsins er 32 milljónir evra sem lætur nærri að vera fjórðungur af þeirri áætlun sem við kynntum í byrjun rekstrarárs upp á 135 milljónir evra. Þetta er mikilvægur áfangi þar sem fyrsti ársfjórðungur hjá félaginu er jafnan sá lakasti á árinu.

Reksturinn einkenndist af áframhaldandi aukningu í tekjum svo og yfirtöku á erlendum félögum og samþættingu á rekstri þeirra. Það kallaði á töluverðan kostnað m.a. vegna uppsagna starfsmanna erlendis og fleiri þátta sem munu til lengri tíma skila félaginu betri afkomu. Þetta á t.d. við um uppsagnir starfsmanna hjá Atlas Cold Storage svo og samþættingu á rekstri Kursiu Linija og Containerships.

Efnahagur félagsins hefur vaxið mikið vegna yfirtöku og kaupa á fyrirtækjum. Félagið er nú að undirbúa sölu á fasteignum Atlas Cold Storage með það í huga að leigja þær til baka. Með því losar félagið um fjármuni og nær þannig að lækka skuldir félagsins sem aftur mun skila sér í betri afkomu þess.

Fyrsti ársfjórðungur er jafnan slakasti ársfjórðungurinn í rekstri félagsins og það á einnig við nú eins og áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir. Á árinu er gert ráð fyrir að um 80% af tekjum félagsins komi frá starfsemi utan Íslands og mun það minnka árstímabundnar sveiflur félagsins í framtíðinni.

Í upphafi tímabilsins kom Atlas Cold Storage að fullu inn í rekstur og efnahag samstæðunnar. Atlas Cold Storage er næst stærsta frysti- og kæligeymslufyrirtæki Norður Ameríku. Atlas býður upp á alhliða geymslu á matvælum fyrir framleiðendur, dreifingaraðila og birgja í matvælaíðnaði í Norður Ameríku í 53 geymslum. Þar af eru 43 geymslur í eigu fyrirtækisins og 10 leigðar.

Í nóvember var boðað til hluthafafundar þar sem félagið tók upp nafnið Hf. Eimskipafélag Íslands í stað Avion Group. Einnig voru tveir nýir stjórnarmenn kjörnir, Sindri Sindrason og Þór Kristjánsson sem tóku sæti Arngríms Jóhannssonar og Eamonn Mullaney.

Eimskip boðaði einnig aukna sókn í Kína bæði með viljayfirlýsingu um rekstur kæligeymslu svo og með opnun skrifstofu í Shenzhen sem er þriðja skrifstofa félagsins í Kína. Shenzhen er næst stærsta gámahöfnin í Kína og mun starfsemi þar að mestu snúast um flutning og geymslu sjávarafurða ásamt því að auka og þróa viðskiptamöguleika með ávexti og grænmeti. Þá undirritaði Eimskip viljayfirlýsingu um rekstur stærstu frystigeymslu í Qingdao-höfn sem er mjög spennandi verkefni og styður vel við núverandi starfsemi Eimskips í Kína. Bygging kæligeymslunnar er komin vel á veg en stefnt er að því að hún verði tekin í notkun á fyrri hluta þessa árs. Þetta er mikilvægur liður í þeirri sýn félagsins að verða leiðandi aðili í hitastýrðum flutningum á heimsvísu en við höfum háleit markmið um nýtingu geymslunnar í tengslum við flutninga milli N-Ameríku og Asíu.

Í janúar gekk Eimskip frá kaupum á öllu hlutafé í Daalimpex B.V. í Hollandi en fyrir átti Eimskip 40% hlut í félaginu. Daalimpex er eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu og rekur sex frystigeymslur í Hollandi. Kaupin á Daalimpex styrkja verulega stöðu Eimskips í frystiflutningum í Evrópu og renna stöðum undir frekari uppbyggingu á frystiþjónustu á meginlandi Evrópu. Á síðustu mánuðum hefur Eimskip orðið leiðandi aðili í

frystigeymslum á alþjóðavísu með kaupum á Innovate og Corby í Bretlandi, Atlas Cold Store í Kanada og nú Daalimpex í Hollandi.

Eimskip eignaðist 65% hlut í Containerships á síðasta ári. Frá og með 1. febrúar hafa allar starfsstöðvar Kursiu Linija verið reknar undir nafni Containerships sem er eitt stærsta flutningafélagið í styttri siglinum í Evrópu. Helsta starfsemi Containerships felst í gámaflutningum frá dyrum sendanda að dyrum móttakanda á Eystrasaltssvæðinu, í Finnlandi og í Rússlandi. Gert er ráð fyrir umtalsverðri aukningu á flutningum á þessu svæði á næstu árum. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Helsinki en samtals er fyrirtækið með 16 skrifstofur í 13 löndum. Containerships er með 11 skip í rekstri og 12.500 gámaeiningar en síðan Eimskip keypti meirihluta í félaginu hefur það endurnýjað skip sína að hluta og býr nú yfir öflugum skipum og enn meiri flutningsgetu.

Á stjórnarfundum í dag samþykkti stjórn félagsins að ganga frá ráðningu Baldurs Guðnasonar sem forstjóra Hf. Eimskipafélags Íslands en hann hefur frá árinu 2004 gengt starfi forstjóra Eimskipafélags Íslands ehf. en stjórn félagsins samþykkti samruna félaganna í síðasta mánuði."

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi í þúsundum evra

	1. ársfj. 2007	1. ársfj. 2006
Rekstrartekjur	399.323	203.949
Rekstrargjöld	(388.487)	(195.418)
Rekstrarhagnaður	10.836	8.531
Fjármagnstekjur (gjöld)	(17.704)	(3.213)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(6.868)	5.318
Tekjuskattur	1.247	(2.016)
Afkoma áframhaldandi starfsemi	(5.621)	3.302
Áhrif aflagðrar starfsemi	0	(11.639)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(5.621)	(8.337)
EBITDA.....	32.289	23.155

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2006 til 31. janúar 2007

Rekstrartekjur félagsins á fyrsta ársfjórðungi námu 399 milljón evra og jukust um 96% samanborið við 2006. Rekstrargjöld námu 388 milljónum evra og jukust um 99% milli ára.

Tap félagsins fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2007 nam 7 milljónum evra samanborið við 5 milljóna evra hagnað á tímabilinu árið 2006. Tap eftir skatta nam tæpum 6 milljónum evra fyrir samstæðuna samanborið við 8 milljónir evra árið 2006.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 18 milljónir evra.

Uppgjörsmýnt Hf. Eimskipafélags Íslands er evra frá og með 1. nóvember 2006.

Helstu tölur úr rekstri og efnahag fyrsta ársfjórðungs 2007

	1 Q 2007	2006	10m 2005	2004
Eiginfjárlutfall	28,8%	37,0%	29,9%	12,1%
Veltufjárlutfall	0,95	1,39	0,71	0,65
Arðsemi eiginfjár	-4,2%	14,2%	13,7%	44,4%
EBIT	10.836	(11.734)	46.682	881
EBITDA	32.289	64.229	100.524	24.368
EBIT / tekjum	2,7%	-1,1%	3,3%	0,2%
EBITDA / tekjum	8,1%	6,2%	7,2%	4,9%

Efnahagsreikningur

Á tímabilinu breyttist efnahagsreikningur fyrirtækisins mikið. Aðalástæða þess er yfirtaka á Atlas Cold Storage.

Heildareignir voru 1.873 milljónir evra í lok tímabilsins. Eigið fé jókst úr 538 milljón evra í 539 milljónir evra á tímabilinu. Eiginfjárlutfall var 29% í lok tímabilsins samanborið við 37% í upphafi tímabilsins. Arðsemi eigin fjár var -4,2%. Veltufjárnútfall var 0,95 en var 1,39 í lok árs 2006.

Í lok janúar var handbært fé félagsins 70 milljón evra samanborið við 180 milljónir evra í upphafi árs.

Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri var 3 milljónir evra fyrir tímabilið. Handbært fé til rekstrar var 32 milljónir evra.

Fjárfestingarhreyfingar námu 318 milljónum evra samanborið við 62 milljónir evra á fyrra ári.

Ársfjórðungayfirlit í þúsundum evra

	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Rekstrartekjur	399.323	282.603	180.829	172.950	203.949
Rekstrargjöld	(388.487)	(294.540)	(180.021)	(179.832)	(195.418)
Rekstrarhagnaður	10.836	(11.937)	808	(6.882)	8.531
Fjármagnstekjur (gjöld)	(17.704)	(1.518)	(9.707)	(38.122)	(3.213)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(6.868)	(13.455)	(8.899)	(45.004)	5.318
Tekjuskattur	1.247	824	1.486	6.899	(2.016)
Afkoma áframhaldandi starfsemi	(5.621)	(12.631)	(7.413)	(38.106)	3.302
Áhrif aflagðrar starfsemi	0	133.932	9.645	(12.973)	(11.639)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(5.621)	121.301	2.232	(51.078)	(8.337)
EBITDA.....	32.289	5.561	14.566	8.614	23.155

Framtíðarhorfur

Áætlanir Hf. Eimskipafélags Íslands gera ráð fyrir betri afkomu á báðum tekjusviðum félagsins árið 2007 en árið 2006. Velta Hf. Eimskipafélags Íslands árið 2007 er áætluð 1.455 milljónir evra og EBITDA 135 milljónir evra þar af er velta Air Atlanta Icelandic áætluð 305 milljónir evra árið 2007 og EBITDA 20 milljónir evra.

Árstíðasveifla er nokkur í rekstri Eimskips. Fyrsti ársfjórðungur fjárhagsársins (1. nóvember – 31. janúar) er jafnan lakastur í rekstri félagsins og sá fjórði besti.

Samruni

Eins og tilkynnt var þann 27. febrúar þá er unnið að sameiningu Hf. Eimskipafélags Íslands og Eimskip ehf. og mun dótturfélagið renna inn í móðurfélagið. Skipulag fyrirtækisins er nú eftirfarandi:



Samþykkt reikninga og kynningarfundur

Stjórn Hf. Eimskipafélags Íslands samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 á stjórnarfundum þann 20. mars 2007. Sömu reikningsskilaaðferðum er beitt nú og áður.

Kynningarfundur verður haldinn þann 21. mars í Sundakletti, húsakynnum Eimskips, Korngörðum 2, klukkan 8:30. Kynning fundarins verður birt á heimasíðu félagsins að fundi loknum. Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins, Baldur Guðnason forstjóri Eimskips og Hannes Hilmarsson forstjóri Air Atlanta kynna niðurstöður fyrsta ársfjórðungs og svara fyrirspurnum.

Reikninginn er einnig hægt að skoða á heimasíðu Hf. Eimskipafélags Íslands: www.ei.is

Nánari upplýsingar veita:

Stefán Ágúst Magnússon, Fjármálastjóri Eimskip
Dögg Hjaltalín, forstöðumaður fjárfestatengsla

+354 525 7202
+354 899 0645

Um Eimskip

Eimskip býður viðskiptavinum heildarlausnir í flutningum, þ.m.t. skipaflutninga, flugflutninga og landflutninga, með sérstakri áherslu á hitastýrða flutninga og geymslu, Eimskip rekur 183 starfsstöðvar í yfir 30 löndum. Fyrirtækið er með 40-50 skip í rekstri, 25 flugvélar, 1.350 flutningabíla og yfir 100 frystigeymslur. Starfsmenn eru um 9.500.